# Samandreginn árshlutareikningur
# 1. janúar til 30. júní 2011

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

# Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .......... 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .......... 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .......... 5

Efnahagsreikningur .......... 6

Eiginfjáryfirlit .......... 7

Sjóðstreymisyfirlit .......... 8

Skýringar .......... 9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikningi, eiginfjáryfirliti, sjóðstreymisyfirliti auk upplýsinga um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam tap af rekstri félagsins á tímabilinu 132,6 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 11.489,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé í lok júní 2011 skiptist á fjóra hluthafa en þeir eru:

| | Eignarhlutur |
|---|---|
| Landsvirkjun ........ | 64,73% |
| Rarik ohf. ........ | 22,51% |
| Orkuveita Reykjavíkur ........ | 6,78% |
| Orkubú Vestfjarða ohf. ........ | 5,98% |

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2011 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2011.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. ágúst 2011.

Stjórn félagsins:

Geir A. Gunnlaugsson
Svana Helen Björnsdóttir
Agnar Olsen

Forstjóri:

Þórður Guðmundsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 ,,Árshlutareikningar".

Reykjavík, 11. ágúst 2011.

***KPMG ehf.***

Matthías Þór Óskarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. júní 2011

| | Skýr. | 1.1.-30.6. 2011 | 1.1.-30.6. 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tekjur af raforkuflutningi | 6 | 6.018.201 | 6.574.823 |
| Aðrar tekjur | 7 | 29.503 | 37.009 |
| | | 6.047.704 | 6.611.832 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Orkukaup og kerfisþjónusta | | 685.249 | 729.577 |
| Rekstur flutningskerfis | | 1.478.767 | 1.697.700 |
| Kerfisstjórn | | 407.706 | 397.658 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 351.817 | 342.657 |
| | | 2.923.539 | 3.167.592 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 3.124.165 | 3.444.240 |
| Fjármunatekjur | | 41.767 | 98.076 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 3.333.963) | ( 2.283.042) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 10 | ( 3.292.196) | ( 2.184.966) |
| Áhrif hlutdeildarfélags | 13 | 2.324 | 1.794 |
| **(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt** | | ( 165.707) | 1.261.068 |
| Tekjuskattur | 11 | 33.141 | ( 226.992) |
| **(Tap) hagnaður og heildarafkoma tímabilsins** | | ( 132.566) | 1.034.076 |
| **(Tap) hagnaður á hlut** | | | |
| (Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) hagn. á hverja krónu hlutafjár | 18 | ( 0,02) | 0,18 |

Skýringar nr. 1 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2011

| | Skýr. | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Fastafjármunir í rekstri | 12 | 61.129.299 | 62.155.955 |
| Flutningsvirki í byggingu | 12 | 561.239 | 425.541 |
| Óefnislegar eignir | 12 | 1.428.544 | 1.401.758 |
| Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum | 13 | 46.249 | 51.667 |
| Fastafjármunir | | 63.165.331 | 64.034.921 |
| Birgðir | 14 | 498.590 | 499.251 |
| Eignir í sölumeðferð | | 0 | 374.000 |
| Viðskiptakröfur á móðurfélag | 27 | 466.017 | 498.720 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 15 | 732.011 | 849.833 |
| Handbært fé | 16 | 6.541.980 | 4.255.901 |
| Veltufjármunir | | 8.238.598 | 6.477.705 |
| **Eignir samtals** | | 71.403.929 | 70.512.626 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 5.902.733 | 5.902.733 |
| Endurmatsreikningur | | 12.578.441 | 12.863.228 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 6.991.688) | ( 7.143.909) |
| Eigið fé | 17 | 11.489.486 | 11.622.052 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við móðurfélag | 19 | 43.405.164 | 42.136.902 |
| Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir | 19 | 13.056.123 | 12.115.701 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 20 | 1.364.514 | 1.397.656 |
| Aðrar skuldbindingar | 21 | 624.892 | 752.523 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 58.450.693 | 56.402.782 |
| Skuldir við móðurfélag | | 487.958 | 1.297.882 |
| Næsta árs afborganir | 19 | 126.084 | 119.067 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 23 | 849.708 | 1.070.843 |
| Skammtímaskuldir | | 1.463.750 | 2.487.792 |
| Skuldir samtals | | 59.914.443 | 58.890.574 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 71.403.929 | 70.512.626 |

Skýringar nr. 1 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2011

| | Hlutafé | Endurmats- reikningur | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2010:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2010 | 5.902.733 | 13.709.886 | ( 11.290.637) | 8.321.982 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | 1.034.076 | 1.034.076 |
| Afskriftir af endurmati færðar á ójafnað eigið fé | | ( 289.830) | 289.830 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2010 | 5.902.733 | 13.420.056 | ( 9.966.731) | 9.356.058 |
| **Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2011:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2011 | 5.902.733 | 12.863.228 | ( 7.143.909) | 11.622.052 |
| Heildartap tímabilsins | | | ( 132.566) | ( 132.566) |
| Afskriftir af endurmati færðar á ójafnað eigið fé | | ( 284.787) | 284.787 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2011 | 5.902.733 | 12.578.441 | ( 6.991.688) | 11.489.486 |

Skýringar nr. 1 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2011

| | Skýr. | 1.1.-30.6. 2011 | 1.1.-30.6. 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 3.124.165 | 3.444.240 |
| Afskriftir | 9 | 1.233.568 | 1.201.175 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | ( 144) | 0 |
| Skuldbinding vegna niðurrifs, breyting | | ( 127.631) | 165.754 |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | | 4.229.958 | 4.811.169 |
| Rekstrartengdar eignir, lækkun | | 151.187 | 35.415 |
| Rekstrartengdar skuldir, lækkun | | ( 124.970) | ( 18.988) |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | | 4.256.175 | 4.827.596 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 41.767 | 98.076 |
| Greidd vaxtagjöld og gengismunur | | ( 1.845.080) | ( 1.877.251) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.452.862 | 3.048.421 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í flutningsvirkjum | 12 | ( 226.881) | ( 513.682) |
| Aðrar fjárfestingar | 12 | ( 142.831) | ( 160.820) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 374.460 | 0 |
| Lækkun hlutafjár í hlutdeildarfélagi | | 7.741 | 7.742 |
| Ógreiddur framkvæmdakostnaður, lækkun | | ( 97.779) | ( 113.391) |
| Fjárfestingahreyfingar | | ( 85.290) | ( 780.151) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við móðurfélag, breyting | | 0 | ( 3.186.210) |
| Afborgun lána | | ( 66.486) | ( 55.261) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 66.486) | ( 3.241.471) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 2.301.086 | ( 973.201) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | ( 15.007) | ( 17.278) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 4.255.901 | 5.863.874 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 6.541.980 | 4.873.395 |

Skýringar nr. 1 til 28 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## 1. Félagið

Landsnet hf. er með starfstöðvar sínar á Íslandi og er félagið með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árshlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á vormánuðum 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2010.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðir á gangvirði og flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Samkvæmt raforkulögum er félaginu einungis heimilt að annast flutning á raforku og kerfisstjórnun á Íslandi auk þess sem því er heimilt að starfrækja raforkumarkað. Félagið hefur ekki hafið starfrækslu raforkumarkaðar og lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og því er ekki gert starfsþáttayfirlit.

## 6. Rekstrartekjur

Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:

| | 2011<br>1.1.-30.6. | 2010<br>1.1.-30.6. |
|---|---:|---:|
| Orkuflutningur | 5.272.667 | 5.817.750 |
| Flutningstap og kerfisþjónusta | 690.707 | 704.724 |
| Þjónustutekjur og jöfnunarorka | 13.810 | 11.333 |
| Innmötunargjald | 41.017 | 41.016 |
| | 6.018.201 | 6.574.823 |

## 7. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

| | | |
|---|---:|---:|
| Verksölu- og húsaleigutekjur | 29.359 | 37.009 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | 144 | 0 |
| | 29.503 | 37.009 |

## 8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---:|---:|
| Laun | 411.236 | 395.475 |
| Launatengd gjöld | 131.747 | 124.071 |
| | 542.983 | 519.546 |

# Skýringar, frh.:

## 8. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

| | 2011<br>1.1.-30.6. | 2010<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Rekstur flutningskerfis | 197.438 | 185.607 |
| Kerfisstjórn | 197.766 | 193.078 |
| Annar rekstrarkostnaður | 147.779 | 140.861 |
| | 542.983 | 519.546 |

## 9. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 12 | 1.203.656 | 1.167.935 |
| Niðurfærsla og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 12 | 29.912 | 33.241 |
| Afskriftir færðar í rekstrarreikning | 1.233.568 | 1.201.176 |

Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstur flutningskerfis | 1.145.934 | 1.103.155 |
| Kerfisstjórn | 19.892 | 29.731 |
| Annar rekstrarkostnaður | 67.742 | 68.290 |
| Afskriftir færðar í rekstrareikning | 1.233.568 | 1.201.176 |

## 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 10.745 | 98.076 |
| Tekjur af verðbréfaeign | 31.022 | 0 |
| Fjármunatekjur samtals | 41.767 | 98.076 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 2.522.784) | ( 2.002.259) |
| Gengismunur | ( 832.913) | ( 187.970) |
| Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga | 0 | ( 111.723) |
| Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu | 21.734 | 18.910 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 3.333.963) | ( 2.283.042) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 3.292.196) | ( 2.184.966) |

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 9,1% af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu á tímabilinu.

## 11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur tímabilsins | 33.141 | ( 226.992) |
| Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi | 33.141 | ( 226.992) |

Breyting reiknaðrar skattskuldbindingar greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Breyting á tímabundnum mismun | ( 93.690) | 130.725 |
| Breyting á yfirfæranlegu tapi | 126.831 | ( 357.717) |
| Breyting reiknaðrar skattskuldbindingar færð í rekstrarreikningi | 33.141 | ( 226.992) |

| Afstemming á virku skatthlutfalli | | 1.1.-30.6.2011 | | 1.1.-30.6.2010 |
|---|---|---|---|---|
| (Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt | | ( 165.707) | | 1.261.068 |
| Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli | 20,0% | 33.141 | 18,0% | ( 226.992) |
| Virkur tekjuskattur | 20,0% | 33.141 | 18,0% | ( 226.992) |

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

***Fastafjármunir í rekstri:***

| | Tengivirki | Háspennulínur og ljósleiðarar | Aðrir fastafjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða 1.1.2010 | 21.829.651 | 45.793.896 | 2.753.105 | 70.376.652 |
| Viðbætur á árinu | 201.071 | 240.960 | 141.221 | 583.252 |
| Flutt af flutningsvirkjum í byggingu | 235.504 | 1.552.384 | 0 | 1.787.888 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 986) | ( 986) |
| Áhrif eigna til sölu | 0 | 0 | 9.095 | 9.095 |
| Staða 31.12.2010 | 22.266.226 | 47.587.240 | 2.902.435 | 72.755.901 |
| Viðbætur á tímabilinu | 20.867 | 70.316 | 86.133 | 177.316 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 986) | ( 986) |
| Staða 30.6.2011 | 22.287.093 | 47.657.556 | 2.987.581 | 72.932.231 |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | | |
| Staða 1.1.2010 | 2.517.384 | 5.226.940 | 460.967 | 8.205.291 |
| Afskriftir ársins | 746.592 | 1.509.976 | 138.714 | 2.395.282 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 628) | ( 628) |
| Staða 31.12.2010 | 3.263.976 | 6.736.916 | 599.053 | 10.599.945 |
| Afskriftir tímabilsins | 375.727 | 761.961 | 65.968 | 1.203.656 |
| Selt og aflagt | 0 | 0 | ( 670) | ( 670) |
| Staða 30.6.2011 | 3.639.703 | 7.498.877 | 664.351 | 11.802.931 |

Fastafjármunir í rekstri greinast þannig:

| **Bókfært verð** | Tengivirki | Háspennulínur og ljósleiðarar | Aðrir fastafjármunir | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1.1.2010 | 19.312.267 | 40.566.956 | 2.292.138 | 62.171.361 |
| 31.12.2010 | 19.002.250 | 40.850.324 | 2.303.382 | 62.155.955 |
| 30.6.2011 | 18.647.390 | 40.158.679 | 2.323.230 | 61.129.299 |

***Endurmat fastafjármuna í rekstri***

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method).

Ef félagið hefði ekki beitt endurmatsaðferð væri bókfært verð lína og tengivirkja um 15,6 milljörðum lægra í lok júní 2011.

***Flutningsvirki í byggingu og óefnislegar eignir:***

| | Flutn.virki í byggingu | Óefnislegar eignir |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða 1.1.2010 | 1.612.158 | 1.652.981 |
| Viðbætur á árinu | 539.741 | 129.991 |
| Flutt af flutningsvirki í byggingu | ( 1.726.358) | ( 61.529) |
| Staða 31.12.2010 | 425.541 | 1.721.443 |
| Viðbætur á tímabilinu | 135.698 | 56.698 |
| Staða 30.6.2011 | 561.239 | 1.778.141 |

## 12. Rekstrarfjármunir, frh.:

### Afskriftir og virðisrýrnun

| | Flutn.virki í byggingu | Óefnislegar eignir |
|---|---|---|
| Staða 1.1.2010 | 0 | 173.631 |
| Afskriftir og niðurfærsla ársins | 0 | 146.054 |
| Staða 31.12.2010 | 0 | 319.685 |
| Afskriftir og niðurfærsla tímabilsins | 0 | 29.912 |
| Staða 30.6.2011 | 0 | 349.597 |

### Bókfært verð

| | Óefnislegar eignir | Flutn.virki í byggingu |
|---|---|---|
| 1.1.2010 | 1.612.158 | 1.479.350 |
| 31.12.2010 | 425.541 | 1.401.758 |
| 30.6.2011 | 561.239 | 1.428.544 |

Bókfært verð óefnislegra eigna í lok júní skiptist þannig að hugbúnaður er bókfærður á 159 milljónir króna og eignfærður undirbúningskostnaður er bókfærður á 1.270 milljónir króna.

## 13. Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinast þannig:

| | 30.6.2011 | | 31.12.2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | Eignarhlutur | Bókfært verð | Eignarhlutur | Bókfært verð |
| Landsnet ehf. | 100,00% | 500 | 100,00% | 500 |
| Netorka ehf. | 38,71% | 45.749 | 36,58% | 51.167 |
| Eignarhlutir í félögum samtals | | 46.249 | | 51.667 |

Eignarhlutur félagsins í Landsneti ehf. er færður á kostnaðarverði og hefur engin rekstur hefur verið í félaginu frá stofnun.

## 14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Varahlutir og efnisbirgðir | 498.590 | 499.251 |
| | 498.590 | 499.251 |

## 15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 646.134 | 807.150 |
| Aðrar skammtímakröfur | 85.877 | 42.683 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals | 732.011 | 849.833 |

## 16. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Óbundnar innstæður | 5.960.610 | 3.658.587 |
| Markaðsverðbréf | 581.370 | 597.314 |
| Handbært fé samtals | 6.541.980 | 4.255.901 |

## 17. Eigið fé

**Hlutafé**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 5.903 millj. kr. í lok tímabilsins. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutafé félagsins hefur verið greitt.

**Endurmatsreikningur**

Endurmatsreikningur félagsins samanstendur af endurmatshækkun fastafjármuna félagsins að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar af endurmatsreikningi á ójafnað eigið fé.

## 18. (Tap) hagnaður á hlut

| (Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hlut: | 30.6.2011 | 30.6.2010 |
|---|---|---|
| (Tap) hagnaður til hluthafa | ( 132.566) | 1.034.076 |
| **Vegið meðaltal hlutabréfa** | | |
| Hlutir 1. janúar | 5.902.733 | 5.902.733 |
| Vegið meðaltal útistandandi hluta í lok tímabils | 5.902.733 | 5.902.733 |
| (Grunntap) -hagnaður og þynnt (tap) hagnaður á hlut | ( 0,02) | 0,18 |

## 19. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

| | | |
|---|---|---|
| **Langtímaskuldir** | | |
| Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi (ISK) | 40.084.954 | 38.800.452 |
| Skuldir við móðurfélag í bandaríkjadölum (USD) | 3.320.210 | 3.336.450 |
| Lánasamningur í svissneskum frönkum (CHF) | 8.041.878 | 7.203.756 |
| Verðtryggt skuldabréfalán (ISK) | 5.140.329 | 5.031.012 |
| | 56.587.371 | 54.371.670 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | ( 126.084) | ( 119.067) |
| | 56.461.287 | 54.252.603 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Skammtímalán frá móðurfélagi vegna áfallinna vaxta | 487.958 | 1.297.882 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 126.084 | 119.067 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals | 614.042 | 1.416.949 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | 57.075.329 | 55.669.552 |

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 0,5% til 5%.

Skuldir við móðurfélag er lánasamningur í bandaríkjadölum til þriggja ára. Lánsheimildin nemur USD 50 millj. en í lok júní eru USD 29 millj. nýttar af lánsheimildinni.

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| 1.7.2011-30.6.2012 / 1.1.2011-31.12.2011 | 126.084 | 119.067 |
| 1.7.2012-30.6.2013 / 1.1.2012-31.12.2012 | 4.256.865 | 3.821.733 |
| 1.7.2013-30.6.2014 / 1.1.2013-31.12.2013 | 943.361 | 851.804 |
| 1.7.2014-30.6.2015 / 1.1.2014-31.12.2014 | 950.407 | 858.457 |
| 1.7.2015-30.6.2016 / 1.1.2015-31.12.2015 | 957.809 | 865.448 |
| Síðar | 49.352.845 | 47.855.161 |
| | 56.587.371 | 54.371.670 |

## 20. Reiknuð tekjuskattskuldbinding

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:

| | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Reiknuð skuldbinding 1. janúar | 1.397.656 | 502.804 |
| Reiknaður tekjuskattur tímabilsins | ( 33.141) | 632.336 |
| Endurmat flutningskerfis | 0 | 262.515 |
| Reiknuð skattskuldbinding í lok tímabilsins | 1.364.514 | 1.397.656 |

Reiknuð tekjuskattskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:

| | | |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.047.350 | 3.130.833 |
| Þróunarkostnaður | 156.064 | 131.702 |
| Eignarhlutir í félögum | 4.434 | 3.969 |
| Aðrar skuldbindingar | ( 171.722) | ( 103.547) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | ( 1.671.612) | ( 1.765.301) |
| Reiknuð tekjuskattskuldbinding í lok tímabilsins | 1.364.514 | 1.397.656 |

## 21. Skuldbinding vegna niðurrifs

Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Staða 1.1. | 752.523 | 582.404 |
| Núvirðing tímabilsins | ( 127.631) | 203.622 |
| Lækkun skuldbindingar | 0 | ( 33.503) |
| Staða í lok tímabilsins | 624.892 | 752.523 |

Í samræmi við staðal IAS 16 skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður lína hefur verið metinn og síðan núvirtur byggt á forsendum um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í gegnum rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni vegna núvirðingar auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

## 22. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins reiknar í lok hvers árs þá áföllnu lífeyrisskuldbindingu sem myndast hefur á því ári. Tryggingafræðilegt mat miðast við að áfallin skuldbinding vegna ársins sé reiknuð til núvirðis í árslok með þeim ársvöxtum, sem almennt eru notaðir við mat á skuldbindingum lífeyrissjóða, nú 3,5%. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 11 millj. kr. vegna þessa.

## 23. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 610.934 | 843.715 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 238.774 | 227.128 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals | 849.708 | 1.070.843 |

## 24. Fjármálagerningar

***Lausafjáráhætta***

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

| **30. júní 2011** | **Bókfært verð** | **Samnings-bundið sjóðstreymi** | **Innan 12 mánaða** | **1-2 ár** | **2-5 ár** | **Eftir 5 ár** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | | |
| Skuldir við móðurfélag ... | 43.893.122 | 58.909.964 | 1.881.394 | 5.130.579 | 5.062.730 | 46.835.261 |
| Langtímask. . | 13.182.207 | 17.854.473 | 365.423 | 1.262.446 | 3.930.115 | 12.296.489 |
| Viðskiptask. og aðrar skt.sk. ........ | 849.708 | 849.708 | 849.708 | 0 | 0 | 0 |
| | 57.925.037 | 77.614.145 | 3.096.525 | 6.393.025 | 8.992.845 | 59.131.750 |

| **31. desember 2010** | **Bókfært verð** | **Samnings-bundið sjóðstreymi** | **Innan 12 mánaða** | **1-2 ár** | **2-5 ár** | **Eftir 5 ár** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:** | | | | | | |
| Skuldir við móðurfélag ... | 43.434.784 | 58.882.712 | 1.848.071 | 5.166.196 | 4.900.497 | 46.967.948 |
| Langtímask. . | 12.234.768 | 16.252.621 | 409.083 | 769.457 | 3.370.997 | 11.703.084 |
| Viðskiptask. og aðrar skt.sk. ....... | 1.070.843 | 1.070.843 | 1.070.843 | 0 | 0 | 0 |
| | 56.740.395 | 76.206.176 | 3.327.997 | 5.935.653 | 8.271.494 | 58.671.032 |

## 25. Rekstrarleiga

**Félagið sem leigutaki**

Félagið er með á leigu hluta af flutningsvirkjum innlendra orkufyrirtækja. Leigusamningarnir eru ótímasettir og er útreikningur leiguverðs undir eftirliti Orkustofnunar.

## 26. Aðrar upplýsingar

Alþingi samþykkti frumvarp um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 í mars 2011. Eitt af meginatriðum frumvarpsins er breyting á 12. gr. laganna sem snýr að tekjumörkum og setningu þeirra. Helstu breytingar eru þær að tekjumörk eru sett til 5 ára, eignagrunnur stórnotenda er fluttur í USD, arðsemi er bundin við veginn meðal fjármagnskostnað (WACC), skilgreind er arðsemi á veltufjármuni og gerðar eru ákveðnari kröfur varðandi tímasetningar og eftirlit. Ákvæði er varða tekjumörk og gjaldskrá komu til framkvæmda 1. janúar 2011.

Í samræmi við ákvæði 12. gr. raforkulaga 2003 nr. 65 ber félaginu að taka tillit til þess ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið valdi auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins og með sama hætti taka tillit til þess ef tenging hefur í för með sér hagkvæmari uppbyggingu eða nýtingu flutningskerfisins. Í lok árs 2007 tók félagið í notkun Fljótdalslínu 3 og 4 og tilheyrandi tengivirki. Það liggur fyrir að félagið þarf að greiða svokallað kerfisframlag þar sem umrædd flutningsvirki munu leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins. Ekki hefur farið fram uppgjör vegna viðkomandi stórnotanda og í lok júní 2011 liggur ekki fyrir um hve háa fjárhæð er að ræða en áætluð fjárhæð vegna tímabilsins hefur verið færð í árshlutareikninginn.

## 27. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

### Viðskipti við tengda aðila

| | 1.1.-30.6.2011 | 1.1.-30.6.2010 |
|---|---|---|
| **Sala á vöru og þjónustu:** | | |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess | 3.234.787 | 3.657.212 |
| Aðrir hluthafar | 1.902.137 | 1.944.896 |
| | 5.136.924 | 5.602.108 |
| **Kostnaður:** | | |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess | 622.697 | 666.481 |
| Aðrir hluthafar | 233.585 | 236.338 |
| Hlutdeildarfélag Landsnets | 242 | 430 |
| | 856.524 | 903.249 |

Auk kostnaðar hér að ofan greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld að fjárhæð 1.730 millj. kr. vegna

**Staða**

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 30.06.2011 | | 31.12.2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | Kröfur | Skuldir | Kröfur | Skuldir |
| Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess | 466.017 | 0 | 498.720 | 0 |
| Aðrir hluthafar | 379.405 | ( 58.870) | 477.237 | ( 204.507) |
| | 845.422 | ( 58.870) | 975.957 | ( 204.507) |

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

| | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, sbr. skýring 19 | 43.405.164 | 42.136.902 |
| Áfallnir vextir við móðurfélag | 487.958 | 1.297.882 |
| | 43.893.122 | 43.434.784 |

## 28. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

| **Rekstur:** | 1.1.-30.6.2011 | 1.1.-30.6.2010 |
|---|---|---|
| EBITDA | 4.357.733 | 4.645.415 |

| **Efnahagur:** | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 5,63 | 2,60 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 16,1% | 16,5% |
| Arðsemi eigin fjár | ( 2,3%) | 42,8% |